

Olíudreifing ehf
Hólmaslóð 8 - 10
101 Reykjavík

Akureyri, 9. október 2020
UST202003-194/G.S.Á.
08.06.02


Efni: Eftirlit 2020 - Olíudreifing - Höfn - Reglubundið eftirlit þann 10.9.2020

Þann 10. september sl. fór fram eftirlit í olúbirgðastöð Olíudreifingar á Höfn í Hornafirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávik komu fram við eftirlit en ein ábending var sett fram er varðar umgengni á lóð.

Virðingarfyllst,

G. Stella Árnadóttir
Guðbjörg Stella Árnadóttir
Sérfræðingur


Gottskálk Friðgeirsson

Afrit:
Heilbrigðisnefnd Austurlands

EFTIRLITSSKÝRSLA

Oliudreifing Höfn



Dags eftirlits	10.9.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Oliudreifing	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis	Jón Bragason	Staðsetning	684509,411 421611,985

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit en ein ábending var sett fram er varðar umgengni á lóð.

UMFANG EFTIRLITS

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
- Staða fráviks frá síðasta eftirliti
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Rekstrarhandbók
- Áætlanir og viðbrögð
- Skráning olíugeyma skv. reglugerð nr. 884/2017.

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á mælingar og skil skv. 4. kafla.

Farið var yfir skráningar á mánaðarblöð á fjarfundi með rekstraraðila þann 13. ágúst sl. Bent er á að skrá þarf dagsetningar á mánaðarblöð þegar olíuskilja er tæmd. Rekstrarhandbók var skoðuð í eftirliti en hún er einnig aðgengileg í rafrænum grunni rekstraraðila fyrir allar stöðvarnar. Áhættumat vegna tíðni eftirlits frá síðasta eftirliti var uppfært miðað við núverandi stöðu.

Fimm geymar eru í stöðinni við Krosseyjarveg, í tveimur olíuþróum og einn geymir er við Ósland. Sá geymir hefur þjónustað bræðslu Sinney Þinganes á Höfn, en stendur nú tómur og verður ekki tekinn í notkun nema að áðurgenginni botnþykktarmælingu þar sem síðasta mæling fór fram árið 2009 en þykktarmæla skal geyma á minnst 10 ára fresti. Aðrir geymar hafa allir verið þykktarmældir á síðustu 10 árum en mæla skal næst geymi merktan 780.01.00 árið 2024. Fjórar lagnir eru í stöðinni, en tvær þeirra, merktar 780.75.00 og 780.70.00 eru lagnir tengdar bræðslunni og hafa verið aflagðar. Bent er á að óheimilt er að taka þær aftur til notkunar nema þrýstipróf hafi verið framkvæmt áður og notkun þeirra samþykkt af eftirlitsaðila. Aðrar lagnir voru þrýstiprófaðar árið 2019 og stóðust þær prófið. Tvær skiljur eru í stöðinni og eru þær þjónustaðar reglulega en gera þarf mælingu á olíu í fráveituvatni skv. gr. 4.2 í starfsleyfi nú í ár. Tekið var upp úr sandhólfum nú í sumar. Sjálfvirkur loki er á skiljum en vatnsuppspretta er innan þróar.

Olíublautum tuskum og öðrum úrgangi er skilað inn til Gámafélagsins og er spilliefnakar til staðar við stöðina. Úrgangsolíu er safnað á flutningstank sem stendur á steypu plani og er niðurfall á planinu tengt olíuskilju. Spilliefni standa á lekabyttum.

Engin mengunaróhöpp hafa orðið í stöðinni og engar kvartanir hafa borist til rekstraraðila né eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru í rekstrarhandbók og aðgengilegar í rafrænum gagnagrunni. Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir.

Gengið var um stöðina, þrær og geymar voru skoðaðir. Girðing er um stöðina og er hún heil og í góðu lagi, hlið stendur læst þegar stöðin er ómönnuð. Huga þarf að því að ekki safnist upp rusl og hlutir sem ekki tengjast starfsemi, innan lóðar skv. gr. 2.3 í starfsleyfi. Umsjónarmaður sinnir daglegu eftirliti með stöðinni.

ÁBENDINGAR

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar umgengni á lóð en huga þarf að því að ekki safnist upp rusl og hlutir sem ekki tengjast starfseminni, innan lóðar skv. gr. 2.3 í starfsleyfi


ANNAD

Olíudreifing ehf. hefur vottað umhverfisstjórnunarkerfi, nær vottunin til allra starfstöðva félagsins og gildir til 14. janúar 2023.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 09.10.2020



Guðbjörg Stella Árnadóttir